

Nr. 114/ 11 Ýmir RE 577**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6946
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 4,4 brl. 4,6 bt.
Mesta lengd: 8,45 m Skráð lengd: 7,81 m
Breidd: 2,42 m Dýpt: 0,88 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 2002
Fjöldi skipverja: 1



Ýmir ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. september 2011 var Ýmir RE 577 á siglingu á miðin um þrjár sml vestur af Garðskaga. Veður : A- 6 m/sek.

Ýmir RE var á siglingu frá Sandgerði á miðin og þegar komið var norður undir Garðskaga varð skipstjóri var við aukahljóð og smá titring frá hældrifi. Hann stöðvaði og kúplaði frá og aðgætti hvort eitthvað væri í skrúfunni. Þegar ljóst var að ekkert var í skrúfunni kúplaði hann inn aftur en þá snerist hún ekki.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og var björgunarbátur úr Garði sendur til að draga Ými RE inn til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að Ýmir RE var kominn í höfn var hann tekinn á land og komið á verkstæði til viðgerðar þar sem kom í ljós að legur og tannhjól í hældrifi voru svo mikið brotin að drifið var dæmt ónýtt;
- að sögn viðgerðarmanns er ekki ljóst hvað orsakaði bilunina en sjór hafði komist inn með skemmdri pakkdós á skrúfuöxli. Pakkdósinn gæti hafa skemmst við niðurbrot í drifhúsinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefnir til frekari rannsóknar.